

Auðkenni í síma – Microsoft Authenticator


Þegar starfsmaður vill komast í Office 365 utan netveggja spítalans þarf hann að auðkenna sig í síma. Vilji starfsmaður aftur á móti ekki hafa símanúmer sitt á skrá Landspítala getur hann sett upp app í símann sem tryggir auðkenni án textaskilaboða. Eftirfarandi eru leiðbeiningar við uppsetningu.

1. Byrjaðu á því að sækja Microsoft Authenticator app fyrir Android eða iOS.

- Farið í PlayStore / AppStore og leitið uppi Microsoft Authenticator
- Setjið appið upp og opnið.


2. Virkið aðganginn í vafra

1. Opnaðu vafra á tölvunni þinni og farðu á <https://myprofile.microsoft.com>
2. Skráðu þig inn á Office 365 reikning með @landspitali.is notendanafni.




3. Smelltu á **Security info / Öryggisupplýsingar** til vinstri í valmyndinni.


4. Smelltu á **+ Add method / Bæta aðferð við**




5. Veldu **Authenticator app** / **Sannvottunarforrit** í fellivalmyndinni.




6. Veldu **Next**



7. Veldu **Next**




8. Fljótlega ættir þú að sjá glugga sem lítur svona út.



3. Tengið Office 365 aðganginn við símann

1. Opnaðu nú **Microsoft Authenticator app** í símanum þínum. Smelltu á **Allow** þegar appið biður um leyfi til þess að senda tilkynningar. Smelltu á **plúsinn** í efra hægra horninu og veldu **Work or school account**.
2. Notaðu símann þinn til þess að skanna QR kóðann sem er á tölvuskjánum þínum. Reikningi þínum verður bætt sjálfkrafa við appið.
3. Veldu **Next**
4. Tilkynning verður send í símann þinn til þess að prófa virknina. Smelltu á **Approve** til þess að staðfesta virknina og veldu síðan **Next**.



Einhver vandamál?

Ef einhverjar spurningar, vinsamlegast hafið samband við þjónustumiðstöð HUT:
1550 / 1550@landspitali.is / hutgatt.lsh.is